

REGLUGERÐ**um breytingu á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979.****1. gr.**

Liður 2.5.8. orðist svo:

Þeir, sem gegna störfum byggingarfulltrúa við gildistöku laga nr. 54/1978, skulu hafa rétt til að gegna starfi sínu áfram, þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum þeim sem greind eru hér að framan.

2. gr.

Liður 7.6.3.6. orðist svo:

Í skriðrýmum skal jafnan komið í veg fyrir jarðraka með því að steypa a. m. k. 80 mm þrifalag eða leggja 0.20 mm polyethylene-plastþynnu beint á jörðina undir gólfplötunni. Plastdúkinn skal festa vel niður.

3. gr.

Liður 8.1.19.1. orðist svo:

Um raflagnir gildir ÍST 117.

4. gr.

Liður 8.2.1.32. orðist svo:

Á stigum sem liggja að vegg, skal vera handrið öðrum megin, annars báðum megin eða ef stiginn er óvenju breiður. Handrið skal vera minnst 800 mm á hæð, mælt lóðrétt upp af þrepbrún, og minnst 900 mm meðfram stigaopum, sbr. þó 8.2.1.34.

Reglugerð þessi sem er sett skv. 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1979 öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 20. ágúst til loka haustloðnuvertíðar 1979.**

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 20. ágúst til loka haustloðnuvertíðar 1979:

Loðnumjöl, \$ 7.80 á próteineiningu í lest

Loðnulýsi, \$ 485.00 fyrir hverja lest.

Verðbil verður ekkert.